

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2016, 14. nóvember, var haldinn 47. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.33. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Diljá Ámundadóttir, Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar Jörgen Sandholt og Oddrún Helga Oddsdóttir. Fundarritari var Sonja Wium.

Þetta gerðist:

1. Fram fer atkvæðagreiðsla um að senda til umsagnaferlis í hverfisráðum borgarinnar úttekt innri endurskoðunar á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum Samþykkt.
- Kl. 13.37 tekur Skúli Helgason sæti á fundinum
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga Stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags 14. nóvember 2016:

Lagt er til að umhverfis og skipulagssviði verði falið að taka saman yfirlit yfir framkvæmdir sem gerðar hafa verið í borginni á árunum 2011-2015 í gegnum samráðsverkefnið Betri hverfi. Jafnframt er lagt til að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara verði falið að taka saman yfirlit yfir þau verkefni sem hafa hlotið kosningu í verkefninu frá upphafi. Yfirlitin yrðu samræmd og heildstæðar upplýsingar um stöðu verkefna frá upphafi yrðu lagðar fram í stjórnkerfis og lýðræðisráði.

Samþykkt.

3. Lögð fram starfsáætlun Stjórnkerfis- og lýðræðisráðs fyrir árið 2017.

Samþykkt með 5 atkvæðum fulltrúa samfylkingar, Bjartar framtíðar, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

4. Lögð fram Þjónustustefna Reykjavíkurborgar.
Samþykkt að vísa þjónustustefnunni til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði fagna því að stigin hafi verið skref í þá átt að gera þjónustu borgarinnar betri og skilvirkari. Þrátt fyrir ágæti svona stefnu á þó enn á eftir að taka mikilvægar ákvarðanir um dreifingu þjónustu og stjórnkerfis borgarinnar, eins og til dæmis varðandi þjónustumiðstöðvar og hverfisráð borgarinnar. Einnig er vert að minna á að þó að metnaðarfull stefna sé sett með ágætum um betri þjónustu liggur í engu fyrir hvort að fjármagni verði forgangsraðað svo að hægt verði eftir atvikum að koma henni í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 14.01

Halldór Auðar Svansson

Diljá Ámundadóttir
Hildur Sverrisdóttir
Skúli Helgason

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Jón Ingi Gíslason
Marta Guðjónsdóttir